

**6. gr.**

Auglýsing þessi, sem sett er skv. heimild í 2. mgr. 10. tl. 3. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 6/1974, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 22. október 1974.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Þorsteinn Ólafsson.*

**REGLUGERÐ****um verðjöfnunargjald af raforku.****1. gr.**

Greiða skal í Orkusjóð 13% verðjöfnunargjald af allri raforkusölu á síðasta stigi viðskipta. Eftirtalin raforkusala er þó undanþegin:

- a) Til húshitunar.
- b) Til Áburðarverksmiðju ríkisins.
- c) Til íslenska álfélagsins h.f.

**2. gr.**

Leggja skal verðjöfnunargjaldið á sama gjaldstofn og söluskattur er lagður á samkvæmt lögum nr. 10/1960, með síðari breytingum.

Gjaldstofn þessi er heildarverð raforkunnar til notenda áður en söluskattur er lagður á raforkuverðið.

**3. gr.**

Notandi raforku er hver sá, sem kaupir raforku til annars en að endurselja hana.

**4. gr.**

Gjaldskyldir samkvæmt reglugerð þessari eru allir þeir aðilar, sem selja raforku til notenda hennar, sbr. ákvæði 3. gr.

**5. gr.**

Sérhver gjaldskyldur aðili skal eigi síðar en 15. hvers mánaðar skila skýrslu á þar til gerðum eyðublaðum (sjá eyðublað 1.) til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi sem hann er heimilisfastur í. Í skýrslunni skal greint frá fjárhæð raforkusölu til notenda í síðasta almanaksmánuði og verðjöfnunargjaldi, sem inna ber af hendi.

Raforkusölu skal tilgreina á þann hátt, sem mælt er fyrir um á skýrslueyðublaði því, sem innheimtumaður ríkissjóðs lætur í té skv. 1. mgr.

Skýrsla þessi skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum, sem heimild hafa til að skuldbinda hinn gjaldskylda aðila, eða öðrum þeim, sem til þess hafa sérstakt umboð eða umboð samkvæmt stöðu sinni.

Skýrslunni skal skila í fjórriti og áritar innheimtumaður ríkissjóðs eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku.

**6. gr.**

Sala raforku skv. 5. gr. er sú fjárhæð sem notandi hefur verið skuldfærður fyrir hjá seljanda raforku.

Raforkusala telst hafa verið skuldfærð hjá notanda jafnskjótt og seljandi hefur skrifað reikning á notanda fyrir raforkuna.

Ekki skiptir mál á hvaða grundvelli notandi er skuldfærður fyrir raforku og reikningur skrifaður á hann, þ. e. samkvæmt mælaálestri, áætlun eða á annan hátt samkvæmt gjaldskrá og/eða reglugerð.

**7. gr.**

Með skýrslu til innheimtumanns ríkissjóðs skv. 5. gr. skal fylgja greiðsla á verðjöfnunargjaldinu, sem innheimtumaður kvittar fyrir.

Innheimtumaður skal veita skýrslu viðtöku þótt eigi fylgi greiðsla.

Gjaldskyldur aðili skal skila skýrslu mánaðarlega enda þótt engin raforkusala skv. 6. gr. hafi farið fram í næstliðnum mánuði.

**8. gr.**

Gjalddagi verðjöfnunargjaldsins er 15. dagur næsta mánaðar eftir sölumánuð og eindagi 10 dögum síðar.

Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

**9. gr.**

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvexti, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

**10. gr.**

Verðjöfnunargjaldið og dráttarvexti má taka lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Innheimtumaður ríkissjóðs skal tilkynna stjórn Orkusjóðs um drátt á skilum skýrslu og greiðslu af hálfu gjaldskylds aðila.

**11. gr.**

Skili gjaldskyldur aðili ekki skýrslu á réttum tíma skal Orkusjóður áætla orkusölu þess aðila á grundvelli raforkusölu síðustu 12 mánaða eða samkvæmt söluskattskýrslu og fela innheimtumanni að innheimta þannig áætlað gjald auk dráttarvaxta með lögtaki, að undangenginni tilkynningu til hins gjaldskylda aðila.

**12. gr.**

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu mánaðarlega senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein fyrir innheimtufé næstliðins almanaksmánaðar. Með skilagrein til ríkisbókhalds skulu fylgja afrit af skýrslum frá gjaldskyldum aðilum.

Ríkisféhirðir skal skila Orkusjóði mánaðarlega innheimtufé næstliðins almanaksmánaðar. Með skilagrein til ríkisbókhalds skulu fylgja afrit af skýrslum frá gjaldskyldum aðilum.

Ríkisféhirðir skal skila Orkusjóði mánaðarlega innheimtufé næstliðins almanaksmánaðar.

**13. gr.**

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

**14. gr.**

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldstofn og gjaldskyldu skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

Hafi áætlunarheimild 11. gr. verið beitt telst upphaf málshöfðunarfrests hefjast þann dag sem ábyrgðarbréf um áætlunina hefur verið póstlagt til gjaldskylds aðila.

## 15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 83 17. september 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, og öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn eftir 1. október 1974 og reikningur skrifaður á notandann fyrir raforkusölutímabil, sem hefst fyrir 1. október 1974 og endar eftir þann dag, skal reikna verðjöfnunargjaldið í réttu hlutfalli við dagafjölda eftir 30. september 1974 af heildardagafjölda reikningstímabilsins.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1974.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Árni Snævarr.*